

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2015/2120

2016/EES/27/67

frá 25. nóvember 2015

um ráðstafanir varðandi opinn Netaðgang og um breytingu á tilskipun 2002/22/EB um alþjónustu og réttindi notenda að því er varðar rafræn fjarskiptanet og -þjónustu og reglugerð (ESB) nr. 531/2012 um reiki á almennum farsímanetum innan Sambandsins (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFAR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar ⁽²⁾,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Markmið þessarar reglugerðar er að koma á sameiginlegum reglum til að vernda jafna meðferð án mismununar á umferð við veitingu Netaðgangsjónustu og tengd réttindi endanlegra notenda. Hún hefur að markmiði að vernda endanlega notendur og tryggja jafnframt að vistkerfi Netsins sé áfram drifkraftur nýsköpunar. Umbætur á sviði reikis ættu að veita endanlegum notendum tiltrú á því að vera tengdir á meðan þeir ferðast innan Sambandsins og ættu með tímanum að leiða fram samleitni í verðlagningu og öðrum skilyrðum í Sambandinu.
- 2) Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð virða meginregluna um tæknilegt hlutleysi, þ.e.a.s. þær kveða hvorki á um né mismuna í þágu notkunar tiltekinnar tegundar tækni.
- 3) Netið hefur þróast á undanföllum áratugum sem opinn vettvangur fyrir nýsköpun með litlum aðgangshindrunum fyrir endanlega notendur, efnisveitur, hugbúnað, þjónustu og veitendur Netaðgangsjónustu. Markmið gildandi regluramma er að stuðla að því að endanlegur notandi geti fengið aðgang að og dreift upplýsingum eða keyrt hugbúnað og þjónustu að eigin vali. Verulegur fjöldi endanlegra notenda verður þó fyrir áhrifum af umferðarstýringarvenjum sem loka fyrir eða hægja á tilteknum hugbúnaði eða þjónustu. Þessi tilhneiging kallar á sameiginlegar reglur á vettvangi Sambandsins til að tryggja að Netið sé opið og til að komast hjá uppskiptingu innri markaðarins vegna ráðstafana sem einstök aðildarríki samþykkja.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 310, 26.11.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2016 frá 29. apríl 2016 um breytingu á um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 177, 11.6.2014, bls. 64.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 126, 26.4.2014, bls. 53.

⁽³⁾ Afstaða Evrópuþingsins frá 3. apríl 2014 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og afstaða ráðsins eftir fyrstu umræðu frá 1. október 2015 (Stjtið. ESB C 365, 4.11.2015, bls. 1). Afstaða Evrópuþingsins frá 27. október 2015 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

- 4) Netaðgangspjónusta veitir aðgang að Netinu, og að meginreglu til að öllum endapunktum þess, án tillits til þeirrar nettækni og endabúnaðar sem endanlegir notendur nota. Þó kunna tilteknir endapunktar Netsins ekki alltaf að vera aðgengilegir af ástæðum sem veitendur Netaðgangspjónustu geta ekki stjórnað. Því skulu slíkir veitendur teljast hafa uppfyllt skyldur sínar tengdar veitingu Netaðgangspjónustu í skilningi þessarar reglugerðar þegar sú þjónusta veitir tengingu við því sem næst alla endapunkta Netsins. Veitendur Netaðgangspjónustu ættu því ekki að takmarka tengingu við neinn aðgengilegan endapunkt Netsins.
- 5) Endanlegum notendum ætti að vera frjálst þegar þeir nýta sér aðgang að Netinu að velja á milli ýmissa gerða endabúnaðar eins og hann er skilgreindur í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/63/EB ⁽⁴⁾. Veitendur Netaðgangspjónustu ættu ekki setja takmarkanir á notkun endabúnaðar sem tengist netinu umfram þær sem settar eru af framleiðendum eða dreifingaraðilum endabúnaðar í samræmi við lög Sambandsins.
- 6) Endanlegir notendur ættu að hafa rétt á aðgangi að og til að dreifa upplýsingum og efni og til að nota og bjóða hugbúnað og þjónustu án mismununar í gegnum Netaðgangspjónustu sína. Að neyta þessa réttar ætti ekki að hafa áhrif á lög Sambandsins, eða landslög sem samrýmast lögum Sambandsins, varðandi lögmæti efnis, hugbúnaðar eða þjónustu. Þessi reglugerð leitast ekki eftir því að setja reglur um lögmæti efnis, hugbúnaðar eða þjónustu, né að setja reglur um málsmeðferðarreglur, kröfur eða verndarráðstafanir þar að lútandi. Þau mál falla því áfram undir lög Sambandsins eða landslög sem samrýmast lögum Sambandsins.
- 7) Til að neyta réttar síns til að hafa aðgang að og til að dreifa upplýsingum og efni og til að nota og bjóða hugbúnað og þjónustu að eigin vali, ætti endanlegum notendum að vera frjálst að semja við veitendur Netaðgangspjónustu um gjaldskrá fyrir tilgreint gagnamagn og hraða Netaðgangspjónustunnar. Slíkir samningar sem og viðskiptahættir veitenda Netaðgangspjónustu ættu ekki að takmarka nýtingu þessa réttar og sniðganga þannig ákvæði þessarar reglugerðar um verndun opin Netaðgangs. Landsbundin stjórnvöld og önnur lögbær yfirvöld ættu að hafa vald til að hlutast til um samninga eða viðskiptahætti sem vegna umfangs leiða til aðstæðna þar sem val endanlegra notenda er verulega takmarkað í raun. Í þessu skyni ætti mat á samningum og viðskiptaháttum m.a. að taka tillit til markaðsstöðu þeirra veitenda Netaðgangspjónustu og efnisveita, hugbúnaðar og þjónustu sem eiga hlut að máli. Gera ætti þá kröfu að landsbundin stjórnvöld og önnur lögbær yfirvöld, sem hluta af starfi þeirra við eftirlit og framfylgd, hlutist til um samninga eða viðskiptahætti þegar þeir myndu leiða til þess að grafið væri undan grundvallaratriðum er varða réttindi endanlegra notenda.
- 8) Þegar Netaðgangspjónusta er veitt ættu veitendur slíkrar þjónustu að meðhöndla alla umferð eins, án mismununar, takmarkana eða truflunar, óháð sendanda eða móttakanda, efni, hugbúnaði eða þjónustu eða endabúnaði. Samkvæmt meginreglum laga Sambandsins og viðurkenndri dómaframkvæmd ætti ekki að fara með sambærilegar aðstæður á mismunandi hátt og ekki fara með ólíkar aðstæður á sama hátt nema slík meðferð sé rökstudd á hlutlægan hátt.
- 9) Markmið sanngjarnrar umferðarstýringar er að stuðla að skilvirkri notkun nettílfanga og bestun heildarsendingargæða og uppfylla þannig raunverulega ólíkar kröfur til tæknilegra þjónustugæða fyrir tiltekna flokka umferðar og í framhaldi af því þess efnis, hugbúnaðar og þjónustu sem verið er að senda. Ráðstafanir varðandi sanngjarna umferðarstýringu sem veitendur Netaðgangspjónustu beita ættu að vera gagnsæjar, án mismununar og hóflegar og ættu ekki að vera gerðar í viðskiptalegum tilgangi. Krafan um að ráðstafanir varðandi umferðarstýringu séu án mismununar kemur ekki í veg fyrir að veitendur Netaðgangspjónustu innleiði, til að besta heildarsendingargæði, ráðstafanir varðandi umferðarstýringu sem greina á milli raunverulega ólíkra flokka umferðar. Slíka aðgreiningu, til að besta heildargæði og upplifun notenda, ætti aðeins að leyfa á grundvelli raunverulega ólíkra krafna til tæknilegra þjónustugæða (t.d. með tilliti til biðtíma, flökts, pakkataps og bandbreiddar) fyrir tiltekna flokka umferðar og ekki í viðskiptalegum tilgangi. Slíkar ráðstafanir til aðgreiningar ættu að vera hóflegar með tilliti til bestunar heildargæða og ættu að meðhöndla sambærilega umferð á sama hátt. Slíkum ráðstöfunum ætti ekki að viðhalda lengur en nauðsynlegt er.
- 10) Sanngjörn umferðarstýring kallar ekki á notkun aðferða sem vakta tiltekið efni gagnaumferðar sem send er í gegnum Netaðgangspjónustu.

⁽⁴⁾ Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/63/EB frá 20. júní 2008 um samkeppni á mörkuðum fyrir endabúnað til fjarskipta (Stjtið. ESB L 162, 21.6.2008, bls. 20).

- 11) Umferðarstýringarvenjur sem ganga lengra en slíkar sanngjarnar ráðstafanir varðandi umferðarstýringu með því að loka fyrir, hægja á, breyta, takmarka, trufla, spilla eða mismuna tilteknu efni, hugbúnaði eða þjónustu, eða tilteknum flokkum efnis, hugbúnaðar eða þjónustu, ættu að vera bannaðar, með fyrirvara um rökstuddar og skilgreindar undantekningar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Þessar undantekningar ættu að vera með fyrirvara um stranga túlkun og kröfur um meðalhóf. Tiltekið efni, hugbúnaður og þjónusta, auk tiltekinn flokka þeirra, ættu að njóta verndar vegna þeirra neikvæðu áhrifa sem lokun eða aðrar takmarkandi ráðstafanir, sem ekki falla undir rökstuddar undantekningar, hafa á val endanlegra notenda og nýsköpun. Reglur gegn því að breyta efni, hugbúnaði eða þjónustu eiga við breytingu á efni samskiptanna en banna ekki gagnþjöppunaraðferðir án mismununar sem draga úr stærð gagnaskráa án þess að breyta efni þeirra. Slík þjöppun gerir skilvirkari notkun takmarkaðra tilfanga mögulega og þjónar hagsmunum endanlegra notenda með því að draga úr gagnamagni, auka hraða og bæta upplifunina við að nota efnið, hugbúnaðinn eða þjónustuna sem um er að ræða.
- 12) Ráðstöfunum varðandi umferðarstýringu sem ganga lengra en slíkar sanngjarnar ráðstafanir varðandi umferðarstýringu má aðeins beita eftir því sem nauðsyn krefur og svo lengi sem þörf er á til að fylgja þeim þremur rökstuddu undantekningum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.
- 13) Í fyrsta lagi geta komið upp aðstæður þar sem veitendur Netaðgangsjónustu falla undir lagagerðir Sambandsins, eða landslöggjöf sem samrýmist lögum Sambandsins (t.d. í tengslum við lögmæti efnis, hugbúnaðar eða þjónustu, eða almannaoöryggi), þ.m.t. refsirétt, sem gerir t.d. kröfu um að loka fyrir tiltekið efni, hugbúnað eða þjónustu. Að auki geta komið upp aðstæður þar sem þessir veitendur falla undir ráðstafanir sem samrýmast lögum Sambandsins, framkvæma eða beita löggjöf Sambandsins eða landslöggjöf, s.s. ráðstafanir sem hafa almennt gildi, dómsúrskurði, ákvarðanir þar til bærri opinberra yfirvalda, eða aðrar ráðstafanir sem tryggja að farið sé að ákvæðum slíkra lagagerða Sambandsins eða landslöggjafar (t.d. skylduna að hlíta dómsúrskurðum eða úrskurðum opinberra yfirvalda sem krefjast þess að lokað sé á ólögmætt efni). Krafa um að fara að lögum Sambandsins tengist m.a. því að fara að kröfum sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi („sáttmálans“) að því er varðar takmarkanir á nýtingu grundvallarréttinda og mannfrelsis. Eins og kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB⁽⁵⁾, má aðeins gera ráðstafanir sem eru líklegar til að þrengja að þessum grundvallarréttindum eða mannfrelsi ef þær eru viðeigandi, hlutfallsbundnar og nauðsynlegar í lýðræðisþjóðfélagi og ef framkvæmd þeirra er með fyrirvara um viðeigandi réttarforsvarsglur í samræmi við Evrópasáttmálann um verndun mannréttinda og mannfrelsis, þ.m.t. skilvirka réttarvernd og sanngjarna málsmeðferð.
- 14) Í öðru lagi kunna ráðstafanir varðandi umferðarstýringu sem ganga lengra en slíkar sanngjarnar ráðstafanir varðandi umferðarstýringu að vera nauðsynlegar til að vernda heildstæði og öryggi netsins, t.d. með því að koma í veg fyrir netarársir sem gerðar eru með dreifingu spillihugbúnaðar eða þjófnað aukenna af endanlegum notendum með njósnaförritum.
- 15) Í þriðja lagi kunna ráðstafanir sem ganga lengra en slíkar sanngjarnar ráðstafanir varðandi umferðarstýringu einnig að vera nauðsynlegar til að koma í veg fyrir yfirvofandi umferðarteppu á netum, þ.e.a.s. aðstæður þar sem umferðarteppa er við það að myndast og til að draga úr áhrifum af umferðarteppu, ef hún á sér einungis stað tímabundið eða við sérstakar aðstæður. Samkvæmt meginreglunni um meðalhóf ættu ráðstafanir varðandi umferðarstýringu sem byggja á þeirri undantekningu að meðhöndla sambærilega flokka umferðar eins. Tímabundna umferðarteppu ber að skilja sem tiltekna aðstæður sem vara stutt þar sem skyndileg aukning í fjölda notenda til viðbótar við reglulega notendur, eða skyndileg aukning í eftirspurn eftir tilteknu efni, hugbúnaði eða þjónustu kann að sprengja utan af sér flutningsgetu einhverra þátta netsins og draga úr gagnvirkni annarra hluta netsins. Tímabundin umferðarteppa getur einkum átt sér stað í farsímanetum, sem eru háð breytilegri aðstæðum, s.s. efnislegum hindrunum, minni drægni innandyra, eða breytilegum fjölda virkra notenda með breytilega staðsetningu. Þótt gera megi ráð fyrir að slík tímabundin umferðarteppa kunnist að eiga sér stað öðru hverju á tilteknum stöðum á netinu – þannig að ekki sé hægt að líta á hana sem undantekningartilvik – er ekki víst að hún eigi sér stað svo oft eða í svo langan tíma að aukning flutningsgetu sé réttlátanleg efnahagslega. Líta ætti á umferðarteppu sem heyrir til undantekninga sem ófyrirsjáanlegar og óumflýjanlegar aðstæður sem umferðarteppa myndast við, bæði í farsímanetum og fastanetum.

(5) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan reglugramma um raftæn fjarskiptanet og -þjónustu (rammatilskipun) (Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 33).

Hugsanlegar ástæður fyrir slíkum aðstæðum eru t.d. tæknileg bilun eins og þjónusturof vegna rofinna kapla eða annarra grunnvirkisþátta, óvæntar breytingar á beiningu umferðar eða mikil aukning í netumferð vegna neyðarástands eða annarra aðstæðna sem veitendur Netaðgangspjónustu hafa ekki stjórn á. Vandamál tengd slíkri umferðarteppu eru að öllum líkindum sjaldgæf en kunna að vera alvarleg og vara ekki endilega stutt. Þörfin á að beita ráðstöfunum varðandi umferðarstýringu sem ganga lengra en sanngjarnar ráðstafanir varðandi umferðarstýringu til að koma í veg fyrir eða draga úr áhrifum tímabundinnar umferðarteppu eða umferðarteppu sem heyrir til undantekninga ætti ekki að gefa veitendum Netaðgangspjónustu færi á því að sniðganga almennt bann við að loka fyrir, hægja á, breyta, takmarka, trufla, spilla eða mismuna tilteknu efni, hugbúnaði eða þjónustu, eða tilteknum flokkum þeirra. Endurtekin teppa á netumferð sem varir lengi og er hvorki undantekning né tímabundin ætti ekki að njóta góðs af þeirri undantekningu heldur ætti að bregðast við henni með aukningu á flutningsgetu netsins.

- 16) Eftirspurn er af hálfu veitenda efnis, hugbúnaðar og þjónustu að geta veitt rafræna fjarskiptaþjónustu aðra en Netaðgangspjónustu sem krefst tiltekins gæðastigs sem ekki er tryggt af Netaðgangspjónustum. Gerð er krafa um þess konar tiltekið gæðastig af sumum þjónustum sem bregðast við almannahagsmunum eða af ákvæðnum nýjum þjónustum sem annast samskipti milli véla. Veitendum rafrænna fjarskipta til almennings, þ.m.t. veitendum Netaðgangspjónustu, og veitendum efnis, hugbúnaðar og þjónustu ætti því að vera frjálst að bjóða þjónustu sem er ekki Netaðgangspjónusta og sem er bestuð fyrir tiltekið efni, hugbúnað eða þjónustu, eða samsetningu þeirra, þar sem bestunin er nauðsynleg til að uppfylla kröfur efnisins, hugbúnaðarins eða þjónustunnar um tiltekið gæðastig. Landsbundin stjórnvöld ættu að sannreyna hvort og að hvaða leyti slík bestun sé nauðsynleg í raun til að tryggja einn eða fleiri tiltekna lykilorð efnisins, hugbúnaðarins eða þjónustunnar og að gera kleift að veita samsvarandi gæðatryggingu til endanlegra notenda, frekar en að veita einfaldlega almennan forgang yfir sambærilegt efni, hugbúnað eða þjónustu sem fáanleg er í gegnum Netaðgangspjónustuna og sniðganga þannig ákvæðin um ráðstafanir varðandi umferðarstýringu sem gilda um Netaðgangspjónustur.
- 17) Til að koma í veg fyrir að veiting slíkrar annarrar þjónustu hafi neikvæð áhrif á aðgengileika eða almenn gæði Netaðgangspjónustu fyrir endanlegra notendur þarf nægileg flutningsgeta að vera tryggð. Veitendur rafrænna fjarskipta til almennings, þ.m.t. veitendur Netaðgangspjónustu, ættu því aðeins að bjóða slíka aðra þjónustu, eða gera samsvarandi samninga við veitendur efnis, hugbúnaðar eða þjónustu sem auðveldar slíka aðra þjónustu, ef flutningsgeta netsins er nægileg til að veita þjónustuna til viðbótar við þá Netaðgangspjónustu sem veitt er. Ekki ætti að sniðganga ákvæði þessarar reglugerðar um verndun opins Netaðgangs með annarri þjónustu sem hægt er að nota eða boðin er í staðinn fyrir Netaðgangspjónustu. Samt sem áður ætti það eitt að þjónusta innan fyrirtækja eins og sýndareinkanet getur einnig veitt aðgang að Netinu ekki leiða til þess að hún teljist koma í staðinn fyrir Netaðgangspjónustu, að því tilskildu að veiting slíks aðgangs að Netinu af hálfu veitanda rafrænna fjarskipta til almennings uppfylli ákvæði 1. til 4. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar og geti því ekki talist vera sniðganga þessara ákvæða. Veiting slíkrar þjónustu annarrar en Netaðgangspjónustu ætti ekki að skaða aðgengileika og almenn gæði Netaðgangspjónustu fyrir endanlegra notendur. Í farsímanetum er erfðara að sjá fyrir magn umferðar í tilteknu hólfi fyrir þráðlaus fjarskipti vegna hins breytilega fjölda virkra endanlegra notenda og af þessum sökum kunna gæði Netaðgangspjónustu fyrir endanlegra notendur að verða fyrir áhrifum við ófyrirsjáanlegar aðstæður. Í farsímanetum ættu almenn gæði Netaðgangspjónustu fyrir endanlegra notendur ekki að teljast verða fyrir skaða ef samsöfnuð neikvæð áhrif af þjónustu annarri en Netaðgangspjónustu eru óumflýjanleg, hverfandi lítil og vara í stuttan tíma. Landsbundin stjórnvöld ættu að tryggja að veitendur rafrænna fjarskipta til almennings uppfylli þessa kröfu. Í þessu sambandi ættu landsbundin stjórnvöld að meta áhrif á aðgengileika og almenn gæði Netaðgangspjónustu með því að greina m.a. gæði þjónustuþátta (s.s. biðtíma, flókt, pakkatap), umfang og áhrif umferðarteppu á netinu, raunverulegan hraða samanborið við auglýstan hraða, frammistöðu Netaðgangspjónustu samanborið við þjónustu aðra en Netaðgangspjónustu, og gæði að mati endanlegra notenda.
- 18) Ákvæðin um verndun opins Netaðgangs ættu að vera studd með skilvirkum ákvæðum sem snúa að endanlegum notendum og fjalla sérstaklega um Netaðgangspjónustu og gera endanlegum notendum kleift að taka upplýstar ákvarðanir. Þau ákvæði ættu að gilda til viðbótar við viðeigandi ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/22/EB⁽⁶⁾ og ættu aðildarríki að hafa þann möguleika að viðhalda þeim eða samþykkja víðtækari ráðstafanir. Veitendur Netaðgangspjónustu ættu að upplýsa endanlegra notendur með skýrum hætti um það hvernig umferðarstýringarvenjur gætu haft áhrif á gæði Netaðgangspjónustu, einkalíf og vernd persónuupplýsinga endanlegra

⁽⁶⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/22/EB frá 7. mars 2002 um alþjónustu og réttindi notenda að því er varðar rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (tilskipun um alþjónustu) (Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 51).

notenda og um möguleg áhrif annarrar þjónustu en Netaðgangspjónustunnar sem þeir eru áskrifendur að á gæði og aðgengileika Netaðgangspjónustu þeirra. Til að efla vald endanlegra notenda við slíkar aðstæður ættu veitendur Netaðgangspjónustu því að upplýsa endanlega notendur í samningi um þann hraða sem þeir geta með raunhæfum hætti staðið við. Hraðann sem venjulega er tiltækur ber að skilja sem hraðann sem endanlegur notandi getur oftast nær búist við að fá þegar hann notar þjónustuna. Veitendur Netaðgangspjónustu ættu einnig upplýsa neytendur um þau úrræði sem standa til boða í samræmi við landslög ef ekki er farið að kröfum um frammistöðu. Allur verulegur og samfelldur eða reglulegur munur á milli raunframmistöðu þjónustunnar og frammistöðunnar sem tilgreind er í samningnum, og sýnt er fram á með eftirlitskerfi sem vottað er af landsbundnum stjórnvöldum, ætti að teljast ósamræmi við kröfur um frammistöðu að því er varðar þau úrræði sem standa neytandanum til boða í samræmi við landslög. Aðferðafræðin ætti að vera ákvörðuð í viðmiðunarreglum evrópsks hóps eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta (BEREC) og endurskoðuð og uppfærð eftir því sem nauðsyn krefur til að endurspeglar þróun í tækni og grunnvirkjum. Landsbundin stjórnvöld ættu að framfylgja reglum þessarar reglugerðar um ráðstafanir til gagnsæis til að tryggja opinn Netaðgang.

- 19) Landsbundin stjórnvöld leika lykilhlutverk í því að tryggja að endanlegir notendur geti með markvissum hætti neytt réttar síns samkvæmt þessari reglugerð og að farið sé að reglum um verndun opins Netaðgangs. Í því skyni ætti landsbundnum stjórnvöldum að bera skylda til eftirlits og skýrslugjafar og þau ættu að tryggja að veitendur rafrænna fjarskipta til almennings, þ.m.t. veitendur Netaðgangspjónustu, uppfylli skuldbindingar sínar varðandi verndun opins Netaðgangs. Meðal þeirra er skuldbindingin að tryggja nægilega flutningsgetu netsins til að veita hágæða Netaðgangspjónustu án mismununar með tilgreindu gæðastigi og skulu almenn gæði hennar ekki verða fyrir skaða vegna veitingar þjónustu annarrar en Netaðgangspjónustu. Landsbundin stjórnvöld ættu einnig að hafa heimild til að setja kröfur varðandi tæknilega eiginleika, lágmarksþjónustugæði og aðrar viðeigandi ráðstafanir fyrir alla eða einstaka veitendur rafrænna fjarskipta til almennings ef nauðsyn krefur til að tryggja að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar um verndun opins Netaðgangs eða til að koma í veg fyrir hnignun almennra þjónustugæða Netaðgangspjónusta fyrir endanlega notendur. Við þetta ættu landsbundin stjórnvöld að taka ítrasta tillit til viðeigandi viðmiðunarreglna evrópsks hóps eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta.
- 20) Markaðurinn fyrir farsímafjarskipti í Sambandinu er enn sundurleitur og ekkert farsímanet nær til allra aðildarríkja. Af því leiðir að veitendur reikiþjónustu þurfa að kaupa reikiþjónustu í heildsölu af, eða skiptast á heildsölureikiþjónustu við, rekstraraðila í heimsóttu aðildarríki til að veita landsbundnum viðskiptavinum sínum farsímafjarskiptaþjónustu þegar þeir ferðast innan Sambandsins.
- 21) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 531/2012 ⁽⁷⁾ kemur á því stefnumarkmiði að munurinn á reikigjaldi og landsbundnu gjaldi skuli nálgast núll. Þó er ekki hægt að ná hinu endanlega markmiði að eyða mismuninum á landsbundnum gjöldum og reikigjöldum á sjálfbæran hátt með þeim heildsölugjöldum sem skráð hafa verið. Því er í þessari reglugerð mælt fyrir um að afnema ætti aukagjöld á reiki í smásölu frá 15. júní 2017 að því tilskildu að ráðin hafi verið bót á þeim viðfangsefnum sem greind hafa verið á heildsölumörkuðum. Í þessu sambandi ætti framkvæmdastjórnin að láta fara fram úttekt á heildsölumarkaðinum með reiki og leggja fram tillögu að nýrri löggjöf byggða á niðurstöðu þeirrar úttektar.
- 22) Á sama tíma ættu veitendur reikiþjónustu að geta beitt „viðmiðunarreglum um eðlilega notkun“ á notkun smásölureikiþjónustu sem reglur eru settar um og veitt er á viðeigandi landsbundnu smásöluverði. „Viðmiðunarreglum um eðlilega notkun“ er ætlað að koma í veg fyrir óvanalega notkun eða misnotkun af hálfu viðskiptavina reikiþjónustu á smásölureikiþjónustu sem reglur eru settar um, eins og notkun slíkrar þjónustu af viðskiptavinum reikiþjónustu í aðildarríki öðru en ríki landsbundna þjónustuveitandans í öðrum tilgangi en vegna reglulegra ferðalaga. Allar viðmiðunarreglur um eðlilega notkun ættu að gera viðskiptavinum veitanda reikiþjónustunnar kleift að nota tiltekið magn af smásölureikiþjónustu sem reglur eru settar um á viðeigandi landsbundnu smásöluverði sem samræmist gjaldskrá þeirra.

⁽⁷⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 531/2012 frá 13. júní 2012 um reiki á almennum farsímanetum innan Sambandsins (Stjóð ESB L 172, 30.6.2012, bls. 10)

- 23) Í sérstökum undantekningartilvikum þar sem veitandi reikijónustu getur ekki endurheimt raunverulegan og áætlaðan heildarkostnað sinn við að veita smásölureikijónustu sem reglur eru settar um með raunverulegum og áætluðum heildartekjum af veitingu slíkrar þjónustu, ætti sá veitandi reikijónustu að geta sótt um heimild til að leggja á aukagjald með það fyrir augum að tryggja að landsbundið verðlíkan sitt sé sjálfbært. Matið á sjálfbærni landsbundna verðlíkansins ætti að vera byggt á viðeigandi hlutlægum þáttum sem eiga við veitanda reikijónustunnar, þ.m.t. hlutlægum mismun á milli veitanda reikijónustu í hlutaðeigandi aðildarríki og landsbundnu verðlagi og tekjum. Þetta kann t.d. að eiga við um landsbundin smásölulíkon rekstraraðila fyrir fastagjald með verulegt neikvætt ójafnvægi í umferð þar sem óbeint landsbundið einingarverð er lágt og heildartekjur rekstraraðilans eru einnig lágar miðað við kostnaðarbyrði við reiki eða þar sem óbeint einingarverð er lágt og raunveruleg eða áætluð notkun reikijónustu er mikil. Þegar bæði heildsölu- og smásölureikimarkaðir hafa aðlagð sig að fullu að almennu reiki á landsbundnu verðlagi og upptöku þess sem eðlilegs þáttar í smásölugjaldskrá, er ekki búist við að slík undantekningartilvik haldi áfram að koma upp. Til að forðast að slík vandamál við að endurheimta kostnað geri landsbundið verðlíkan veitanda reikijónustu ósjálfbært og skapi þannig hættu á merkjanlegum áhrifum á þróun landsbundins verðs eða svokölluðum „vatnrúmsáhrifum“ ættu veitendur reikijónustu, þegar þeir hafa fengið heimild frá landsbundnum stjórnvöldum, að geta við slíkar aðstæður lagt aukagjald á smásölureikijónustu sem reglur eru settar um en þó aðeins eftir því sem nauðsynlegt er til að endurheimta allan viðkomandi kostnað við að veita slíka þjónustu.
- 24) Í því skyni ætti sá kostnaður sem stofnað er til til að veita smásölureikijónustu sem reglur eru settar um að vera ákvarðaður með vísan til raunverulegra heildsölureikigjalda sem lögð eru á reikiumferð á útleið frá hlutaðeigandi veitanda reikijónustu umfram reikiumferð á innleið og með vísan til sanngjarnar ráðstöfunar varðandi sameiginlegan kostnað. Tekjur af smásölureikijónustu sem reglur eru settar um ættu að vera ákvarðaðar með vísan til tekna á landsbundnu verði sem rekja má til notkunar á smásölureikijónustu sem reglur eru settar um, hvort sem er á grundvelli einingarverðs eða sem hlutfall af flötu gjaldi, og endurspegla hvort fyrir sig raunverulegt og áætlað hlutfall notkunar á smásölureikijónustu sem reglur eru settar um af viðskiptavinum í Sambandinu og landsbundna notkun. Einnig skal taka tillit til notkunar á smásölureikijónustu sem reglur eru settar um og landsbundinnar notkunar viðskiptavina veitanda reikijónustunnar og til samkeppnisstigs, verðs og tekna á innanlandsmarkaði og merkjanlegrar hættu á því að reiki á landsbundnu smásöluverði myndi hafa sýnileg áhrif á þróun slíks verðs.
- 25) Til að tryggja snurðulausa umbreytingu frá reglugerð (ESB) nr. 531/2012 til afnáms aukagjalds á reiki í smásölu ætti með þessari reglugerð að innleiða umbreytingartímabil þar sem veitendur reikijónustu ættu að geta lagt aukagjald á landsbundið verð fyrir veitta smásölureikijónustu sem reglur eru settar um. Umbreytingarfyrirkomulagið ætti þegar að undirbúa grundvallarbreytinguna á nálgun með því að taka upp reiki í öllu Sambandinu sem óaðskiljanlegan hluta af landsbundnum gjaldskrá sem boðnar eru á hinum ýmsu innanlandsmörkuðum. Því ætti upphafspunktur umbreytingarfyrirkomulagsins að vera landsbundið smásöluverð, eftir því sem við á, sem á kann að leggjast aukagjald sem ekki er hærra en hámarksheildsölugjaldið fyrir reiki sem var í gildi á tímabilinu næst á undan umbreytingartímabilinu. Slíkt umbreytingarfyrirkomulag ætti einnig að tryggja verulega verðlækkun fyrir viðskiptavinum frá þeim degi þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda og ætti ekki, þegar aukagjaldið bætist við landsbundna smásöluverðið, undir neinum kringumstæðum að leiða til hærra smásöluverðs á reiki en sem nemur hámarksgjaldinu fyrir smásölureiki sem reglur eru settar um og var í gildi á tímabilinu næst á undan umbreytingartímabilinu.
- 26) Viðeigandi landsbundið smásöluverð ætti að vera jafnt landsbundnu smásölugjaldi á einingu. Þó ætti við aðstæður þar sem ekki er til staðar neitt sértækt landsbundið smásöluverð sem hægt væri að nota sem grunn að smásölureikijónustu sem reglur eru settar um (t.d. þegar um er að ræða landsbundnar ótakmarkaðar gjaldskrár, pakka eða landsbundnar gjaldskrár sem taka ekki til gagna) að líta svo á að landsbundna smásöluverðið miðist við sama gjaldtökukerfi og ef viðskiptavinur væri að nota landsbundna gjaldskrá í aðildarríki sínu.
- 27) Með það fyrir augum að bæta samkeppni á markaðinum fyrir reiki í smásölu, er þess krafist í reglugerð (EB) nr. 531/2012 að landsbundnir söluaðilar geri viðskiptavinum sínum kleift að fá aðgang að reikitalsímaþjónustu, reikismáskilaboðþjónustu og reikigagnaþjónustu sem reglur eru settar um, í pakka frá öðrum veitanda reikijónustu. Í ljósi þess að því smásölureikifyrirkomulagi sem sett er fram í þessari reglugerð er ætlað að afnema í náinni framtíð þau smásölureikigjöld sem sett eru fram í 8., 10. og 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 531/2012 er ekki lengur hóflegt að krefjast þess að landsbundnir veitendur innleiði þess konar aðskilda sölu reikijónustu í smásölu sem reglur eru settar um. Veitendur sem hafa þegar gert viðskiptavinum sínum kleift að fá aðgang að reikitalsímaþjónustu, reikismáskilaboðþjónustu og reikigagnaþjónustu sem reglur eru settar um, og veitt er í pakka af öðrum veitanda reikijónustu, mega gera það áfram. Hins vegar er ekki hægt að útiloka að viðskiptavinir reikijónustu gætu notið

ávinning af meiri samkeppni í smásöluverðlagningu, einkum hvað varðar reikiþjónustu, á heimsóttum mörkuðum. Í ljósi vaxandi eftirspurnar og mikilvægis reikigagnþjónustu, ættu viðskiptavinum reikiþjónustu að standa til boða aðrar leiðir til að fá aðgang að reikigagnþjónustu þegar þeir ferðast innan Sambandsins. Því ætti að viðhalda skyldu veitenda landsbundinnar þjónustu og veitenda reikiþjónustu að hindra ekki viðskiptavini í því að fá aðgang að reikigagnþjónustu sem reglur eru settar um og veitt er beint á heimsóttu neti af öðrum veitanda reikiþjónustu eins og kveðið er á um í reglugerð (ESB) nr. 531/2012.

- 28) Í samræmi við meginregluna um að sá sem hringir borgar, borga viðskiptavinir farsímaþjónustu ekki fyrir að taka á móti landsbundnum símtölum í farsíma og gjaldið fyrir lúkningu símtals í kerfi aðilans sem hringt er í fellur undir smásölugjald aðilans sem hringir. Samleitni í verði fyrir lúkningu símtala í farsíma í aðildarríkjunum ætti að gera kleift að beita sömu meginreglu á reikisímtöl í smásölu sem reglur eru settar um. Þar sem þetta er þó enn ekki raunin, ætti aukagjaldið sem lagt er á fyrir að taka á móti reikisímtölum sem reglur eru settar um ekki að fara yfir vegið meðaltal hæsta heildsöluverðs fyrir lúkningu símtala í farsíma í Sambandinu við þær aðstæður sem settar eru fram í þessari reglugerð þar sem veitendur reikiþjónustu mega leggja á aukagjald fyrir smásölureikiþjónustu sem reglur eru settar um. Þetta telst vera umbreytingarfyrirkomulag þar til framkvæmdastjórnin hefur ráðið bót á þessu útistandandi viðfangsefni.
- 29) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 531/2012 til samræmis við það.
- 30) Þessi reglugerð ætti að teljast sértæk ráðstöfun í skilningi 5. mgr. 1. gr. tilskipunar 2002/21/EB. Því ættu breytingar, sem veitendur reikiþjónustu sem reglur eru settar um í Sambandinu gera á smásölureikigjaldskráum sínum og á meðfylgjandi notkunarskilmálum fyrir reiki í því skyni að uppfylla kröfur þessarar reglugerðar, ekki veita viðskiptavinum farsímaþjónustu neinn rétt, samkvæmt landslögum sem lögleiða núverandi regluramma um rafræn fjarskiptanet, til að segja upp samningum sínum.
- 31) Til að styrkja þau réttindi viðskiptavina reikiþjónustu sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 531/2012 ætti í þessari reglugerð, í tengslum við smásölureikiþjónustu sem reglur eru settar um, að mæla fyrir um sértækar kröfur um gagnsæi sem samræmast gjaldskrár- og magnskilyrðunum sem beita á þegar aukagjald á reiki í smásölu hefur verið afnumið. Einkum skal kveða á um að viðskiptavinum reikiþjónustu sé send tímanleg tilkynning, án endurgjalds, um viðeigandi viðmiðunarreglur um eðlilega notkun, þegar viðeigandi magn fyrir eðlilega notkun reikitalísíma-, reikismáskilaboða- eða reikigagnþjónustu hefur verið notað að fullu, um allt aukagjald, og um heildarnotkun reikigagnþjónustu sem reglur eru settar um.
- 32) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd ákvæðanna í þessari reglugerð, ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald að því er varðar að setja fram vegið meðaltal hæsta verðs fyrir lúkningu símtala í farsíma og ítarlegar reglur um beitingu viðmiðunarreglna um eðlilega notkun og um aðferðafræði til að meta sjálfbærni afnáms aukagjalds á reiki í smásölu og um umsóknina sem veitandi reikiþjónustu þarf að leggja fram vegna þess mats. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ⁽⁸⁾.
- 33) Með reglugerð þessari eru grundvallarréttindi virt og meginreglum fylgt, einkum þeim sem eru viðurkenndar í sáttmálanum, nánar tiltekið um vernd persónuupplýsinga, tjáningarfrelsi og upplýsingafrelsi, frelsi til atvinnurekstrar, bann við mismunun og neytendavernd.
- 34) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að koma á sameiginlegum reglum sem nauðsynlegar eru til að tryggja opinn Netaðgang og afnema aukagjald fyrir reiki í smásölu, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs og áhrifa aðgerðarinnar, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna, eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná því markmiði.
- 35) Haft var samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 2. mgr. 28. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 ⁽⁹⁾ og skilaði hún álit 24. nóvember 2013.

⁽⁸⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjana með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

⁽⁹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtið. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

SAMBYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Með þessari reglugerð er komið á sameiginlegum reglum til að vernda jafna meðferð á umferð án mismununar þegar Netaðgangspjónusta er veitt og tengd réttindum endanlegra notenda.
2. Með þessari reglugerð er komið á nýju smásöluverðkerfi fyrir reikipjónustu sem reglur eru settar um í öllu Sambandinu til að afnema aukagjald á smásölureikipjónustu án þess að raska landsbundnum og heimsóttum mörkuðum.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð gilda skilgreiningarnar sem settar eru fram í 2. gr. tilskipunar 2002/21/EB.

Jafnframt gilda eftirfarandi skilgreiningar:

- 1) „veitandi rafræna fjarskipta til almennings“: fyrirtæki sem býður fram almenn fjarskiptanet eða rafræna fjarskiptapjónustu sem er aðgengileg öllum,
- 2) „Netaðgangspjónusta“: rafræn fjarskiptapjónusta sem er aðgengileg öllum og veitir aðgang að Netinu og þar með tengingu við því sem næst alla endapunkta Netsins, án tillits til þeirrar nettækni og endabúnaðar sem notaður er.

3. gr.

Verndun opins Netaðgangs

1. Endanlegir notendur skulu hafa rétt á aðgangi að og til að dreifa upplýsingum og efni, til að nota og bjóða hugbúnað og þjónustu, og til að nota endabúnað að eigin vali, án tillits til staðsetningar endanlegra notandans eða þjónustuveitandans eða staðsetningar, uppruna eða ákvörðunarstaðar upplýsinganna, efnisins, hugbúnaðarins eða þjónustunnar, í gegnum Netaðgangspjónustu sína.

Þessi málsgrein hefur ekki áhrif á lög Sambandsins, eða landslög sem samrýmast lögum Sambandsins, varðandi lögmæti efnis, hugbúnaðar eða þjónustu.

2. Samningar á milli veitenda Netaðgangspjónustu og endanlegra notenda um viðskiptaleg og tæknileg skilyrði og eiginleika Netaðgangspjónustu, s.s. verð, gagnamagn eða hraða, sem og viðskiptahættir veitenda Netaðgangspjónustu skulu ekki takmarka nýtingu réttinda endanlegra notenda sem mælt er fyrir um í 1. mgr.

3. Þegar Netaðgangspjónusta er veitt skulu veitendur Netaðgangspjónustu meðhöndla alla umferð eins, án mismununar, takmarkana eða truflunar og óháð sendanda eða móttakanda, því efni sem nálgast er eða dreift, þeim hugbúnaði eða þjónustu sem notuð er eða þeim endabúnaði sem notaður er.

Ákvæði fyrstu undirgreinar skulu ekki koma í veg fyrir að veitendur Netaðgangspjónustu innleiði sanngjarnar ráðstafanir varðandi umferðarstýringu. Til að teljast sanngjarnar skulu slíkar ráðstafanir vera gagnsæjar, án mismununar og hóflegar og ættu ekki að vera í viðskiptalegum tilgangi heldur byggja á grundvelli raunverulega ólíkra krafna til tæknilegra þjónustugæða fyrir tiltekna flokka umferðar. Slíkar ráðstafanir skulu ekki vakta tiltekið efni og skal ekki viðhaldið lengur en nauðsynlegt er.

Veitendur Netaðgangspjónustu skulu ekki beita ráðstöfunum varðandi umferðarstýringu sem ganga lengra en þær sem settar eru fram í annarri undirgrein og skulu einkum ekki loka fyrir, hægja á, breyta, takmarka, trufla, spilla eða mismuna tilteknu efni, hugbúnaði eða þjónustu, eða tilteknum flokkum þeirra, nema að því marki sem nauðsynlegt er, og aðeins eins lengi og nauðsynlegt er, til þess að:

- a) fara að lagagerðum Sambandsins eða landslöggjöf sem samrýmist lögum Sambandsins og veitandi Netaðgangspjónustunnar fellur undir eða að ráðstöfunum sem samrýmast lögum Sambandsins sem hrinda slíkum lagagerðum Sambandsins eða landslöggjöf í framkvæmd, þ.m.t. dómsúrskurðum eða ákvörðunum þar til bærra opinberra yfirvalda,

- b) varðveita heildstæði og öryggi netsins, þeirrar þjónustu sem veitt er í gegnum netið og endabúnaðar endanlegra notenda,
- c) koma í veg fyrir yfirvofandi umferðarteppu á netum og draga úr áhrifum umferðarteppu sem á sér stað í undantekningartilvikum eða er tímabundin að því tilskildu að sambærilegir flokkar umferðar séu meðhöndlaðir eins.

4. Ráðstöfun varðandi umferðarstýringu má aðeins fela í sér vinnslu persónuupplýsinga ef slíkt vinnsla er hófleg og nauðsynleg til að ná markmiðunum sem sett eru fram í 3. mgr. Slík vinnsla skal framkvæmd í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/ESB ⁽¹⁰⁾. Ráðstafanir varðandi umferðarstýringu skulu einnig uppfylla ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB ⁽¹¹⁾,

5. Veitendum rafrænna fjarskipta til almennings, þ.m.t. veitendum Netaðgangsjónustu, og veitendum efnis, hugbúnaðar og þjónustu skal því vera frjálst að bjóða þjónustu aðra en Netaðgangsjónustu sem er bestuð fyrir tiltekið efni, hugbúnað eða þjónustu, eða samsetningu þeirra, þar sem bestunin er nauðsynleg til að uppfylla kröfur efnisins, hugbúnaðarins eða þjónustunnar um tiltekið gæðastig.

Veitendur rafrænna fjarskipta til almennings, þ.m.t. veitendur Netaðgangsjónustu mega aðeins bjóða eða greiða fyrir slíkri þjónustu ef flutningsgeta netsins er nægileg til að veita þjónustuna til viðbótar við þá Netaðgangsjónustu sem veitt er. Slíka þjónustu skal ekki hægt að nota, eða hún boðin, í staðinn fyrir Netaðgangsjónustu og hún skal ekki skaða aðgengileika og almenn gæði Netaðgangsjónustu fyrir endanlega notendur.

4. gr.

Ráðstafanir til gagnsæis til að tryggja opinn Netaðgang

1. Veitendur Netaðgangsjónustu skulu tryggja að allir samningar sem taka til Netaðgangsjónustu tilgreini a.m.k. eftirfarandi:
 - a) upplýsingar um hvernig ráðstafanir varðandi umferðarstýringu sem sá veitandi beitir gætu haft áhrif á gæði Netaðgangsjónustunnar, einkalíf endanlegra notenda og vernd persónuupplýsinga þeirra,
 - b) skýra og auðskiljanlega útskýringu á því hvernig magntakmarkanir, hraði og gæði þjónustuþátta kunni í raun að hafa áhrif á Netaðgangsjónustuna, einkum notkun efnis, hugbúnaðar og þjónustu,
 - c) skýra og auðskiljanlega útskýringu á því hvernig sú þjónusta sem um getur í 5. mgr. 3. gr. og endanlegur notandi er áskrifandi að, gæti í raun haft áhrif á Netaðgangsjónustu þessa endanlega notanda,
 - d) skýra og auðskiljanlega útskýringu á þeim lágmarkshraða, hraða sem venjulega er tiltækur, hámarkshraða og auglýstum niðurrhals- og upphalshraða Netaðgangsjónustunnar ef um er að ræða fastanet, eða á áætluðum hámarkshraða og auglýstum niðurrhals- og upphalshraða Netaðgangsjónustunnar ef um er ræða farsímanet, og hvernig veruleg frávik frá auglýstum niðurrhals- og upphalshraða, eftir því sem við á, gætu haft áhrif á nýtingu réttinda endanlegra notenda sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 3. gr.,
 - e) skýra og auðskiljanlega útskýringu á þeim úrræðum sem standa neytandanum til boða í samræmi við landslög ef samfelld eða reglulegt misræmi er á milli raunafkasta Netaðgangsjónustunnar hvað viðkemur hraða eða gæðum þjónustuþátta og þeirra afkasta sem gefin eru upp í samræmi við a- til d-lið.

Veitendur Netaðgangsjónustu skulu birta upplýsingarnar sem um getur í fyrstu undirgrein.

2. Veitendur Netaðgangsjónustu skulu koma upp gagnsæjum, einföldum og skilvirkum málsmeðferðarreglum til að fást við kvartanir endanlegra notenda sem varða þau réttindi og skyldur sem mælt er fyrir um í 3. gr. og 1. mgr. þessarar greinar.

⁽¹⁰⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

⁽¹¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafrænna fjarskipta (tilskipun um friðhelgi einkalífsins og rafræn fjarskipti) (Stjtið. EB L 201, 31.7.2002, bls. 37).

3. Kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr. koma til viðbótar við þær sem kveðið er á um í tilskipun 2002/22/EB og skulu ekki koma í veg fyrir að aðildarríki viðhaldi eða innleiði frekari kröfur um eftirlit, upplýsingar og gagnsæi, þ.m.t. þær sem varða efni, framsetningu og birtingarmáta upplýsinganna sem birta skal. Þær kröfur skulu vera í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar og viðeigandi ákvæði tilskipana 2002/21/EB og 2002/22/EB.

4. Allt verulegt, samfellt eða reglulegt misræmi á milli raunframmistöðu Netaðgangspjónustunnar hvað viðkemur hraða eða gæðum þjónustupáttá og þeirrar frammistöðu sem gefin er upp af veitanda Netaðgangspjónustunnar í samræmi við a- til d-lið 1. mgr. skal, þar sem sýnt hefur verið fram á viðeigandi staðreyndir með eftirlitskerfi sem vottað er af landsbundnum stjórnvöldum, teljast ósamræmi við kröfur um frammistöðu að því er varðar virkjun þeirra úrræða sem standa neytandanum til boða í samræmi við landslög.

Þessi málsgrein skal aðeins gilda um samninga sem eru gerðir eða endurnýjaðir frá og með 29. nóvember 2015.

5. gr.

Eftirlit og framkvæmd

1. Landsbundin stjórnvöld skulu fylgjast náið með og tryggja að farið sé að ákvæðum 3. og 4. gr. og skulu stuðla að áframhaldandi aðgengi að Netaðgangspjónustu án mismununar á gæðastigi sem endurspeglar framfarir í tækni. Í þeim tilgangi geta landsbundin stjórnvöld sett kröfur varðandi tæknilega eiginleika, lágmarksþjónustugæði og aðrar viðeigandi og nauðsynlegar ráðstafanir á einn eða fleiri veitendur rafrænna fjarskipta til almennings, þ.m.t. veitendur Netaðgangspjónustu.

Landsbundin stjórnvöld skulu árlega birta skýrslur varðandi eftirlit sitt og niðurstöður og leggja þær skýrslur fyrir framkvæmdastjórnina og evrópskan hóp eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta.

2. Veitendur rafrænna fjarskipta til almennings, þ.m.t. veitendur Netaðgangspjónustu, skulu að beiðni landsbundinna stjórnvalda gera upplýsingar varðandi þær skyldur sem settar eru fram í 3. og 4. gr. aðgengilegar þeim landsbundnu stjórnvöldum, einkum upplýsingar varðandi stýringu flutningsgetu nets þeirra og umferðar um það, auk rökstuðnings fyrir hverjum þeim ráðstöfunum varðandi umferðarstýringu sem beitt er. Þeir veitendur skulu veita umbeðnar upplýsingar í samræmi við þau tímamörk og með þeirri nákvæmni sem landsbundna stjórnvaldið krefst.

3. Eigi síðar en 30. ágúst 2016, til að stuðla að samræmdri beitingu þessarar reglugerðar, skal evrópskur hópur eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta, að höfðu samráði við hagsmunaaðila og í náinni samvinnu við framkvæmdastjórnina, mæla fyrir um viðmiðunarreglur fyrir framkvæmd skuldbindinga landsbundinna stjórnvalda samkvæmt þessari grein.

4. Þessi grein hefur ekki áhrif á þau verkefni sem aðildarríki fela landsbundnum stjórnvöldum eða öðrum lögbærum yfirvöldum í samræmi við lög Sambandsins.

6. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn 3., 4. og 5. gr. og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa varnaðaráhrif. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um umræddar reglur og ráðstafanir eigi síðar en 30. apríl 2016 og skulu tilkynna henni án tafar um síðari breytingar sem hafa áhrif á þær.

7. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 531/2012

Reglugerð (ESB) nr. 531/2012 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 2. mgr. 2. gr. er breytt sem hér segir:

- a) i-, l- og n-liður falli brott,
- b) eftirfarandi liður bætist við:

„r) „landsbundið smásöluverð“: landsbundið smásölugjald á einingu sem veitandi reikipjónustu leggur á símtöl sem hringd eru og smáskilaboð sem send eru (bæði með upphaf og lúkningu á mismunandi almennum fjarskiptanetum í sama aðildarríki) og gögn sem notuð er af viðskiptavini. Ef ekki liggur fyrir sérstakt landsbundið smásölugjald á einingu, skal landsbundið smásöluverð teljast ákvarðað eftir sama gjaldtökukerfi og notað er fyrir símtöl sem viðskiptavinur hringir og smáskilaboð sem viðskiptavinur sendir (bæði með upphaf og lúkningu á mismunandi almennum fjarskiptanetum í sama aðildarríki) og gögn sem notuð eru í aðildarríki viðskiptavinarins,

- s) „aðskilin sala á reikigagnaþjónustu í smásölu sem reglur eru settar um“: veiting reikigagnaþjónustu sem reglur eru settar um beint til viðskiptavina reikiþjónustu á heimsóttu neti af öðrum veitanda reikiþjónustu.“
- 2) Í stað ákvæða 6. mgr. 3. gr. komi eftirfarandi:
- „6. Viðmiðunartilboðið sem um getur í 5. mgr. skal vera nægilega ítarlegt og innihalda alla þætti sem nauðsynlegir eru fyrir heildsöluaðgang að reiki sem um getur 3. mgr., með lýsingu á tilboðum sem eiga við um beinan heildsöluaðgang að reiki og heildsöluaðgang að reiki til endursölu og tengdum skilmálum og skilyrðum. Þetta viðmiðunartilboð getur innihaldið skilyrði til að koma í veg fyrir varanlegt reiki eða óvanalega notkun eða misnotkun á heildsöluaðgangi að reiki í öðrum tilgangi en að veita reikiþjónustu sem reglur eru settar um til viðskiptavina veitanda reikiþjónustu á meðan hinir fyrrnefndu ferðast öðru hverju innan Sambandsins. Ef nauðsyn krefur skulu landsbundin stjórnvöld gera breytingar á viðmiðunartilboðum til að framfylgja skyldum sem mælt er fyrir um í þessari grein.“
- 3) Ákvæðum 4. gr. er breytt sem hér segir:
- a) í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:
- „Aðskilin sala á smásölureikigagnaþjónustu sem reglurnar eru settar um“,
- b) fyrsta undirgrein 1. mgr. falli brott,
- c) ákvæði 4. og 5. mgr. falli brott.
- 4) Ákvæðum 5. gr. er breytt sem hér segir:
- a) í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:
- „Framkvæmd aðskilinnar sölu á smásölureikigagnaþjónustu sem reglurnar eru settar um“,
- b) í stað ákvæða 1. mgr. komi eftirfarandi:
- „1. Veitendur landsbundinnar þjónustu skulu efna þá skuldbindingu sem tengist aðskilinni sölu smásölureikigagnaþjónustu sem reglur eru settar um og kveðið er á um í 4. gr. svo að viðskiptavinir reikiþjónustu geti notað aðskilda reikigagnaþjónustu sem reglur eru settar um. Veitendur landsbundinnar þjónustu skulu verða við öllum réttmætum beiðnum um aðgang að aðstöðu og tengdri stuðningsþjónustu sem á við um aðskilda sölu á smásölureikigagnaþjónustu sem reglurnar eru settar um. Aðgangur að þeirri aðstöðu og stuðningsþjónustu sem er nauðsynleg fyrir aðskilda sölu á smásölureikigagnaþjónustu sem reglurnar eru settar um, þ.m.t. sannvottun notenda, skal vera án endurgjalds og skal ekki fela í sér nein bein gjöld til viðskiptavina reikiþjónustu.“
- c) í stað ákvæða 2. mgr. komi eftirfarandi:
- „2. Til að tryggja samræmda og samtíma framkvæmd um allt Sambandið á aðskilinni sölu á smásölureikigagnaþjónustu sem reglurnar eru settar um skal framkvæmdastjórnin, með framkvæmdargerðum og að höfðu samráði við evrópskan hóp eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta, samþykkja ítarlegar reglur um tæknilega lausn fyrir innleiðingu á aðskilinni sölu smásölugagnareikiþjónustu sem reglurnar eru settar um. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 6. gr.“
- d) í stað inngangsorða í 3. mgr. komi eftirfarandi:
- „3. Tæknilegu lausnirnar fyrir innleiðingu á aðskilinni sölu smásölureikigagnaþjónustu sem reglurnar eru settar um skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði um:“
- 5) Eftirfarandi greinar bætist við:
- „6. gr. a
- Afnám aukagjalds á reiki í smásölu**
- Frá og með 15. júní 2017, hafi lagagerðin sem samþykkja á í kjölfar tillögunnar sem um getur í 2. mgr. 19. gr. komið til framkvæmda, skulu veitendur reikiþjónustu ekki leggja aukagjald, til viðbótar við landsbundna smásöluverðið á viðskiptavini reikiþjónustu í aðildarríki, á reikisímtöl sem reglurnar eru settar um og hringd eru eða tekið er á móti, á reikismáskilaboð sem reglurnar eru settar um og send eru, og á reikigagnaþjónustu sem reglurnar eru settar um og notuð er, þ.m.t. myndskilaboð, né almennt gjald til að gera kleift að nota endabúnaðinn eða þjónustuna erlendis, með fyrirvara um ákvæði 6. gr. b og 6. gr. c.

*6. gr. b***Eðlileg notkun**

1. Veitendur reikþjónustu geta í samræmi við þessa grein og framkvæmdargerðirnar sem um getur í 6. gr. d sett „viðmiðunarreglur um eðlilega notkun“ fyrir notkun smásölureikþjónustu sem reglur eru settar um og veitt er á viðeigandi landsbundnu smásöluverði til að koma í veg fyrir óvanalega notkun eða misnotkun af hálfu viðskiptavina reikþjónustu á smásölureikþjónustu sem reglurnar eru settar um, eins og notkun slíkrar þjónustu af viðskiptavinum reikþjónustu í aðildarríki öðru en ríki landsbundna þjónustuveitandans í öðrum tilgangi en vegna reglulegra ferðalaga.

Allar viðmiðunarreglur um eðlilega notkun skulu gera viðskiptavinum veitanda reikþjónustunnar kleift að nota tiltekið magn af smásölureikþjónustu sem reglurnar eru settar um á viðeigandi landsbundnu smásöluverði sem samræmist gjaldskrá þeirra.

2. Ákvæði 6. gr. e skulu gilda um smásölureikþjónustu sem reglurnar eru settar um umfram þau mörk sem sett eru samkvæmt viðmiðunarreglum um eðlilega notkun.

*6. gr. c***Sjálfbærni afnáms aukagjalds á reiki í smásölu**

1. Í sérstökum undantekningartilvikum, með það fyrir augum að tryggja að landsbundið verðlíkan sitt sé sjálfbært, þar sem veitandi reikþjónustu getur ekki endurheimt raunverulegan og áætlaðan heildarkostnað sinn við að veita reikþjónustu sem reglur eru settar um í samræmi við 6. gr. a og 6. gr. b með raunverulegum og áætluðum heildartekjum af veitingu slíkrar þjónustu, getur sá veitandi reikþjónustu sótt um heimild til að leggja á aukagjald. Það aukagjald skal aðeins lagt á eftir því sem nauðsynlegt er til að endurheimta kostnað við að veita smásölureikþjónustu sem reglur eru setta um með hliðsjón af viðeigandi hámarksheildsölugjaldi.

2. Ákveði veitandi reikþjónustu að nýta sér 1. mgr. þessarar greinar skal hann án tafar leggja fram umsókn til landsbundna stjórnvaldsins og veita því allar nauðsynlegar upplýsingar í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í 6. gr. d. Á 12 mánaða fresti þaðan í frá skal veitandi reikþjónustunnar uppfæra þær upplýsingar og leggja þær fyrir landsbundna stjórnvaldið.

3. Við móttöku umsóknar í samræmi við 2. mgr. skal landsbundna stjórnvaldið meta hvort veitandi reikþjónustunnar hafi sýnt fram á að hann geti ekki endurheimt kostnað sinn í samræmi við 1. mgr. með þeim afleiðingum að grafið sé undan sjálfbærni landsbundna verðlíkansins. Matið á sjálfbærni landsbundna verðlíkansins skal vera byggt á viðeigandi hlutlægum þáttum sem eiga við veitanda reikþjónustunnar, þ.m.t. hlutlægum mismun á milli veitanda reikþjónustu í hlutaðeigandi aðildarríki og landsbundnu verðlagi og tekjum. Landsbundna stjórnvaldið skal heimila aukagjaldið þegar skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. og þessari málsgrein hafa verið uppfyllt.

4. Innan mánaðar frá móttöku umsóknarinnar skv. 2. mgr. skal landsbundna stjórnvaldið heimila aukagjaldið nema umsóknin sé augljóslega tilefnislaus eða veiti ófullnægjandi upplýsingar. Telji landsbundna stjórnvaldið að umsóknin sé augljóslega tilefnislaus, eða telji það að ófullnægjandi upplýsingar hafi verið veittar, skal það taka endanlega ákvörðun innan næstu tveggja mánaða um að heimila, breyta eða synja aukagjaldinu eftir að hafa gefið veitanda reikþjónustunnar tækifæri til að andmæla.

*6. gr. d***Framkvæmd viðmiðunarreglna um eðlilega notkun og sjálfbærni afnáms aukagjalds á reiki í smásölu**

1. Eigi síðar en 15. desember 2016 skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við evrópskan hóp eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta, til að tryggja samræmda beitingu 6. gr. b og 6. gr. c, samþykka framkvæmdargerðir um ítarlegar reglur um beitingu viðmiðunarreglna um eðlilega notkun og um aðferðafræði til að meta sjálfbærni afnáms aukagjalds á reiki í smásölu og um umsóknina sem veitandi reikþjónustu þarf að leggja fram vegna þess mats. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 6. gr.

2. Að því er varðar 6. gr. b skal framkvæmdastjórnin, þegar hún samþykkir framkvæmdargerðir um ítarlegar reglur um beitingu viðmiðunarreglna um eðlilega notkun, taka tillit til eftirfarandi:

- a) þróunar verðlagningar og neyslumynsturs í aðildarríkjunum,
- b) hversu mikil samleitni er í landsbundnu verðlagi í Sambandinu,

- c) ferðamynstra í Sambandinu,
- d) merkjanlegrar hættu á röskun á samkeppni og hvötum til fjárfestinga á landsbundnum og heimsóttum mörkuðum.
3. Að því er varðar 6. gr. c skal framkvæmdastjórnin þegar hún samþykkir framkvæmdargerðir um ítarlegar reglur um aðferðafræði til að meta sjálfbærni afnáms aukagjalds á reiki í smásölu fyrir veitanda reikiþjónustu, byggja þær á eftirfarandi:
- a) ákvörðun raunverulegs og áætlaðs heildarkostnaðar við að veita smásölureikiþjónustu sem reglur eru settar um með vísan til raunverulegra reikigjalda í heildsölu fyrir ójafna umferð og hæfilegs hluta í nauðsynlegum sameiginlegum kostnaði við að veita smásölureikiþjónustu sem reglur eru settar um,
- b) ákvörðun raunverulegra og áætlaðra heildartekna af veitingu smásölureikiþjónustu sem reglur eru settar um,
- c) notkun smásölureikiþjónustu sem reglur eru settar um og landsbundinni notkun viðskiptavina veitanda reikiþjónustunnar,
- d) samkeppnisstigi, verði og tekjum á innanlandsmarkaði og merkjanlegri hættu á því að reiki á landsbundnu smásöluverði myndi hafa sýnileg áhrif á þróun slíks verðs.
4. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða með reglulegu millibili framkvæmdargerðirnar sem samþykktar eru skv. 1. mgr. í ljósi markaðspróunar.
5. Landsbundið stjórnvald skal hafa strangt eftirlit og umsjón með beitingu viðmiðunarreglna um eðlilega notkun og ráðstöfunum um sjálfbærni afnáms aukagjalds á reiki í smásölu, og taka fullt tillit til viðeigandi hlutlægra þátta sem eiga við um hlutaðeigandi aðildarríki og viðeigandi hlutlægs mismunar á milli veitanda reikiþjónustu. Með fyrirvara um verklagsregluna sem sett er fram í 3. mgr. 6. gr. c, skal landsbundna stjórnvaldið framfylgja tímanlega kröfunum í 6. gr. b og 6. gr. c og framkvæmdargerðunum sem samþykktar eru skv. 1. mgr. þessarar greinar. Landsbundna stjórnvaldið getur hvenær sem er krafist þess að veitandi reikiþjónustu breyti eða leggi af aukagjaldið ef það samræmist ekki 6. gr. b eða 6. gr. c. Landsbundna stjórnvaldið skal upplýsa framkvæmdastjórnina árlega um beitingu 6. gr. b og 6. gr. c sem og þessarar greinar.

6. gr. e

Veiting á smásölureikiþjónustu sem reglur eru settar um

1. Veitandi reikiþjónustu skal, með fyrirvara um aðra undirgrein, þegar hann leggur á aukagjald fyrir notkun smásölureikiþjónustu sem reglur eru settar um umfram þau mörk sem sett eru samkvæmt viðmiðunarreglum um eðlilega notkun, uppfylla eftirfarandi kröfur (að undanskildum virðisaukaskatti):
- a) aukagjald sem lagt er á reikisímtöl sem reglur eru settar um og hringd eru, reikismáskilaboð sem reglur eru settar um og send eru, og reikigagnaþjónustu sem reglur eru settar um skal ekki vera hærra en hámarksheildsölugjaldið sem kveðið er á um í 2. mgr. 7. gr., 1. mgr. 9. gr. og 1. mgr. 12. gr. eftir því sem við á,
- b) summa landsbundins smásöluverðs og aukagjalds sem lagt er á reikisímtöl sem reglur eru settar um og hringd eru, reikismáskilaboð sem reglur eru settar um og send eru, og reikigagnaþjónustu sem reglur eru settar um skal ekki vera hærri en 0,19 evrur á mínútu, 0,06 evrur á hver máskilaboð og 0,20 evrur á hvert notað megabæti, eftir því sem við á,
- c) aukagjald sem lagt er á reikisímtöl sem reglur eru settar um og tekið er á móti skal ekki vera hærra en vegið meðtal hæsta verðs fyrir lúkningu símtala í farsíma í Sambandinu sem sett er fram í samræmi við 2. mgr.

Veitendur reikiþjónustu skulu ekki leggja aukagjald á reikismáskilaboð sem reglur eru settar um og tekið er á móti eða á reikitalhólfsskilaboð sem tekið er á móti. Þetta skal vera með fyrirvara um önnur gjöld sem kunna að eiga við, t.d. gjöld fyrir að hlusta á slík skilaboð.

Veitendur reikiþjónustu skulu innheimta gjöld fyrir reikisímtöl sem hringd eru og tekið er á móti á sekúndugrundvelli. Veitendur reikiþjónustu geta lagt á lágmarksupphafsgjald fyrir tímabil sem ekki er lengra en 30 sekúndur fyrir símtöl sem hringd eru. Veitendur reikiþjónustu skulu taka gjald af viðskiptavinum sínum fyrir veitta reikigagnaþjónustu sem reglur eru settar um fyrir hvert kílóbæti, að frátöldum myndskilaboðum sem má gjaldfæra fyrir hverja einingu. Í því tilviki skal smásölugjaldið sem veitandi reikiþjónustu leggur á viðskiptavin reikiþjónustu fyrir að senda eða taka á móti reikimyndskilaboðum ekki vera hærra en hámarkssmásölugjaldið fyrir reikigagnaþjónustu sem reglur eru settar um og sett er fram í fyrsta undirlið.

Á meðan á tímabilinu sem um getur í f-lið 1. mgr. 6. gr. stendur skal þessi málsgrein ekki útiloka tilboð sem bjóða viðskiptavinum reikiþjónustu, gegn daglegu gjaldi eða öðru föstu reglubundnu gjaldi, tiltekið magn til að nota af reikiþjónustu sem reglur eru settar um með því skilyrði að notkun alls magnsins leiði til einingarverðs fyrir að hringja reikisímtöl sem reglur eru settar um, taka við símtölum, senda smáskilaboð og reikigagnaþjónustu sem fer ekki yfir viðkomandi landsbundið smásöluverð og hæsta aukagjald sem sett er fram í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar.

2. Eigi síðar en 31. desember 2015 skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við evrópskan hóp eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta og með fyrirvara um aðra undirgrein þessarar málsgreinar, samþykka framkvæmdargerðir þar sem sett er fram vegið meðaltal hæsta verðs fyrir lúkningu símtala í farsíma sem um getur í c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessar framkvæmdargerðir árlega. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 6. gr.

Vegið meðaltal hæsta verðs fyrir lúkningu símtala í farsíma skal byggt á eftirfarandi viðmiðunum:

- a) hámarksverði fyrir lúkningu símtala í farsíma sem landsbundin stjórnvöld leggja á á markaði fyrir heildsölu á lúkningu símtala í talsímaþjónustu í einstökum farsímanetum í samræmi við 7. og 16. gr. rammatilskipunarinnar og 13. gr. tilskipunarinnar um aðgang og
- b) heildarfjöldi áskrifenda í aðildarríkjum.

3. Veitendur reikiþjónustu geta boðið, og viðskiptavinir reikiþjónustu geta valið, reikigjaldskrá aðra en þá sem sett hefur verið í samræmi við 6. gr. a, 6. gr. b, 6. gr. c og 1. mgr. þessarar greinar, sem gerir viðskiptavinum reikiþjónustu kleift að njóta góðs af annarri gjaldskrá fyrir reikigagnaþjónustu, sem reglur eru settar um, en þeim hefði verið úthlutað hefðu þeir ekki mátt velja. Veitandi reikiþjónustu skal minna þessa viðskiptavini reikiþjónustu á eðli þeirra kosta við reiki sem þá myndu tapast.

Með fyrirvara um fyrstu undirgrein skulu veitendur reikiþjónustu láta gjaldskrá sem sett er í samræmi við 6. gr. a, 6. gr. b og 1. mgr. þessarar greinar gilda sjálfkrafa fyrir alla reikiviðskiptavini sem fyrir eru og nýja reikiviðskiptavini.

Allir reikiviðskiptavinir geta, hvenær sem er, óskað eftir að skipta yfir í eða úr gjaldskrá í samræmi við 6. gr. a, 6. gr. b, 6. gr. c og 1. mgr. þessarar greinar. Þegar viðskiptavinir reikiþjónustu kjósa að skipta úr eða aftur yfir í gjaldskrá í samræmi við 6. gr. a, 6. gr. b, 6. gr. c og 1. mgr. þessarar greinar, skulu öll skipti framkvæmd innan eins virks dags frá því að beiðnin er móttækin, án endurgjalds og skulu ekki hafa í för með sér skilyrði eða takmarkanir sem lúta að öðrum þáttum áskriftarinnar en reiki. Veitendur reikiþjónustu geta frestað slíkum skiptum þar til fyrri reikigjaldskráin hefur verið í gildi í ákveðinn lágmarkstíma sem skal ekki vera lengri en tveir mánuðir.

4. Veitendur reikiþjónustu skulu tryggja að samningur sem tekur til hvers konar smásölureikiþjónustu sem reglur eru settar um tilgreini helstu eiginleika þeirrar smásölureikiþjónustu sem reglur eru settar um og veitt er, einkum og sér í lagi:

- a) sértæka gjaldskrá eða gjaldskrár, og fyrir hverja gjaldskrá, þær tegundir þjónustu sem boðnar eru, þ.m.t. fjarskiptamagn,
- b) takmarkanir sem settar eru á notkun smásölureikiþjónustu sem reglur eru settar um og veitt er á gildandi landsbundnu smásöluverði, einkum tölulegar upplýsingar um hvernig viðmiðunarreglum um eðlilega notkun er beitt með vísan til helstu verðlagningarþátta, magnþátta eða annarra þátta viðkomandi smásölureikiþjónustu sem reglur eru settar um og veitt er.

Veitendur reikiþjónustu skulu birta upplýsingarnar sem um getur í fyrstu undirgrein.

6. gr. f

Aukagjald á smásölureikiþjónustu á umbreytingartímabili

1. Frá 30. apríl 2016 til 14. júní 2017 mega veitendur reikiþjónustu leggja á aukagjald til viðbótar við landsbundið smásöluverð fyrir að veita smásölureikiþjónustu sem reglur eru settar um.

2. Á meðan á tímabilinu sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar stendur skal 6. gr. e gilda *að breyttu breytanda*.“

- 6) Ákvæði 8., 10. og 13. gr. falli brott.

7) Ákvæðum 14. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað annarrar undirgreinar 1. mgr. komi eftirfarandi:

„Þessar persónubundnu grunnupplýsingar skulu gefnar upp í gjaldmiðli reikningsins sem viðskiptavinurinn fær frá þeim sem veitir honum landsbundna þjónustu og innihalda upplýsingar um:

a) þær viðmiðunarreglur um eðlilega notkun sem gilda um viðskiptavin í reikþjónustu í Sambandinu og um aukagjöld sem leggjast á umfram þau mörk sem sett eru samkvæmt viðmiðunarreglunum um eðlilega notkun og

b) öll aukagjöld sem lögð eru á í samræmi við 6. gr. c.“,

b) í stað sjöttu undirgreinar 1. mgr. komi eftirfarandi:

„Fyrsti, annar, fjórði og fimmti undirliður, að undanskilinni tilvísuninni í viðmiðunarreglur um eðlilega notkun og aukagjald sem lagt er á í samræmi við 6. gr. c, skulu einnig gilda um reikþjónustu fyrir talsíma og smáskilaboð sem notuð er af viðskiptavinum reikþjónustu á ferðalögum utan Sambandsins og sem veitt er af veitanda reikþjónustu.“,

c) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„2a. Veitandi reikþjónustu skal senda tilkynningu til viðskiptavinar í reikþjónustu þegar viðeigandi magn fyrir eðlilega notkun talsíma- eða smáskilaboðareikþjónustu sem reglur eru settar um hefur verið notað að fullu eða þegar notkunarmörkum sem beitt er í samræmi við 6. gr. c hefur verið náð. Sú tilkynning skal tilgreina aukagjaldið sem verður lagt á frekari notkun viðskiptavinar reikþjónustu á talsíma- eða smáskilaboðareikþjónustu sem reglur eru settar um. Allir viðskiptavinir skulu eiga rétt á að fara fram á að veitandi reikþjónustu hætti að senda slíkar tilkynningar og skulu eiga rétt á að fara fram á, hvenær sem er og endurgjaldslaust, að reikþjónustuveitandinn hefji að veita þjónustuna á nýjan leik.“

d) í stað ákvæða 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Veitendur reikþjónustu skulu veita öllum viðskiptavinum allar upplýsingar um viðeigandi reikigjöld þegar skrifað er undir áskrift. Þeir skulu einnig veita reikiviðskiptavinum sínum upplýsingar um breytingar á viðeigandi reikigjöldum án óþarfa tafa í hvert sinn sem breytingar verða á þessum gjöldum.

Reikþjónustuveitendur skulu senda áminningar með eðlilegu millibili þaðan í frá til allra viðskiptavina sem hafa kosið aðra gjaldskrá.“

8) Ákvæðum 15. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað ákvæða 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Veitendur reikþjónustu skulu senda reikiviðskiptavinum sjálfvirk skilaboð þess efnis að hinir síðarnefndu séu að nota reikigagnaþjónustu sem reglur eru settar um og veita þeim um leið persónubundnar grunnupplýsingar um gjöld fyrir veitingu reikigagnaþjónustu (í gjaldmiðli reikningsins sem viðskiptavinurinn fær frá þeim sem veitir honum landsbundna þjónustu), sem reglurnar eru settar um, fyrir viðkomandi reikiviðskiptavin í viðkomandi aðildarríki, nema viðskiptavinurinn hafi tilkynnt veitanda reikþjónustu að hann þarfnist ekki þessara upplýsinga.

Persónubundnu grunnupplýsingarnar um gjöld skulu innihalda upplýsingar um:

a) þær viðmiðunarreglur um eðlilega notkun sem gilda um viðskiptavin í reikþjónustu í Sambandinu og um aukagjöld sem leggjast á umfram þau mörk sem sett eru samkvæmt viðmiðunarreglunum um eðlilega notkun og

b) öll aukagjöld sem lögð eru á í samræmi við 6. gr. c.,

Reikiviðskiptavinurinn skal fá upplýsingarnar sendar í farsamskiptatæki sitt, t.d. með smáskilaboðum, tölvupósti eða sprettigluggum í farsamskiptatækinu, í hvert sinn sem reikiviðskiptavinur fer inn í annað aðildarríki en það þar sem sá sem veitir honum landsbundna þjónustu er og setur af stað reikigagnaþjónustu í fyrsta sinn í því aðildarríki. Þær skulu veittar endurgjaldslaust á því augnabliki þegar reikiviðskiptavinurinn setur af stað reikigagnaþjónustu, sem reglurnar eru settar um, með þeim hætti að auðvelt sé að veita þeim viðtöku og skilja þær.

Viðskiptavinur, sem hefur tilkynnt veitanda reikþjónustu að hann þarfnist ekki sjálfvirku gjaldskrárupplýsinganna, skal eiga rétt á því, hvenær sem er og endurgjaldslaust, að óska eftir því að veitandi reikþjónustu veiti þjónustuna á ný.“,

b) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„2a. Veitandi reikiþjónustu skal senda tilkynningu þegar viðeigandi magn fyrir eðlilega notkun reikigagnaþjónustu sem reglur eru settar um hefur verið notað að fullu eða þegar notkunarmörkum sem beitt er í samræmi við 6. gr. c hefur verið náð. Sú tilkynning skal tilgreina aukagjaldið sem verður lagt á frekari notkun viðskiptavinar reikiþjónustu á reikigagnaþjónustu sem reglur eru settar um. Allir viðskiptavinir skulu eiga rétt á að fara fram á að veitandi reikiþjónustu hætti að senda slíkar tilkynningar og skulu eiga rétt á að fara fram á, hvenær sem er og endurgjaldslaust, að reikiþjónustuveitandinn hefji að veita þjónustuna á nýjan leik.“

c) í stað fyrstu undirgreinar 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Sérhver veitandi reikiþjónustu skal gefa öllum reikiviðskiptavinum sínum tækifæri á því að velja sérstaklega og endurgjaldslaust þjónustu sem veitir upplýsingar tímanlega um heildarnotkun reikigagnaþjónustu sem reglurnar eru settar um, gefna upp í magni eða í þeim gjaldmiðli sem reikningar viðkomandi reikiviðskiptavinar eru gerðir í, og sem tryggir að heildarútgjöld viðskiptavinarins vegna reikigagnaþjónustu sem reglurnar eru settar um á tilteknu tímabili, að frátöldum myndskilaboðum sem gjaldfærð eru eftir einingum, fari ekki yfir tiltekin fjárhæðarmörk ef afráttarlaust samþykki hans liggur ekki fyrir.“

d) í stað fyrstu undirgreinar 6. mgr. komi eftirfarandi:

„6. Ákvæði þessarar greinar, að 5. mgr., öðrum undirlið 2. mgr. og 2. mgr. a undanskilinni, og með fyrirvara um annan og þriðja undirlið þessarar málsgreinar, skulu einnig gilda um reikigagnaþjónustu sem viðskiptavinir reikiþjónustu nota á ferðalögum utan Sambandsins og sem veitt er af veitanda reikiþjónustu.“

9) Ákvæðum 16. gr. er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi undirgrein bætist við í 1. mgr.:

„Landsbundin stjórnvöld skulu hafa strangt eftirlit og umsjón með veitendum reikiþjónustu sem nýta sér 6. gr. b, 6. gr. c og 3. mgr. 6. gr. e.“

b) í stað ákvæða 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Landsbundin stjórnvöld skulu sjá til þess að uppfærðar upplýsingar um beitingu þessarar reglugerðar, einkum 6. gr. a, 6. gr. b, 6. gr. c, 6. gr. e, 7., 9. og 12. gr., séu fáanlegar opinberlega með þeim hætti sem gerir hagsmunaaðilum kleift að hafa greiðan aðgang að þeim.“

10) Í stað ákvæða 19. gr. komi eftirfarandi:

„19. gr.“

Endurskoðun

1. Eigi síðar en 29. nóvember 2015 skal framkvæmdastjórnin hefja endurskoðun á heildsölumarkaðinum með reiki með það fyrir augum að meta ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að gera kleift að afnema aukagjald á reiki í smásölu fyrir 15. júní 2017. Framkvæmdastjórnin skal m.a. taka til skoðunar samkeppnisstig á landsbundnum heildsölumörkuðum, og einkum meta heildsölukostnað sem stofnað er til og heildsölugjöld sem lögð eru á, og samkeppnisaðstæður rekstraraðila sem starfa á landfræðilega takmörkuðum svæðum, þ.m.t. áhrif viðskiptasamninga á samkeppni auk getu rekstraraðila til að nýta sér stærðarhagkvæmni. Framkvæmdastjórnin skal einnig meta samkeppnisþróun á mörkuðum fyrir reiki í smásölu og merkjanlega hættu á röskun á samkeppni og hvötum til fjárfestinga á landsbundnum og heimsóttum mörkuðum. Við mat á nauðsynlegum ráðstöfunum til að gera kleift að afnema aukagjöld á reiki í smásölu, skal framkvæmdastjórnin taka tillit til þarfarinnar á því að tryggja að rekstraraðilar heimsóttá netsins geti endurheimt allan kostnað við að veita heildsölureikiþjónustu sem reglur eru settar um, þ.m.t. sameiginlegan kostnað. Framkvæmdastjórnin skal einnig taka tillit til þarfarinnar á því að koma í veg fyrir varanlegt reiki eða óvanalega notkun eða misnotkun á heildsöluáðgangi að reiki í öðrum tilgangi en að veita reikiþjónustu sem reglur eru settar um til viðskiptavina veitenda reikiþjónustu á meðan hinir fyrrnefndu ferðast öðru hverju innan Sambandsins.

2. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um niðurstöður endurskoðunarinnar sem um getur í 1. mgr. fyrir 15. júní 2016.

Skýrslunni skal fylgja viðeigandi tillaga að nýrri löggjöf að undangengnu samráði við almenning um að breyta heildsölugjaldi fyrir reikiþjónustu sem reglur eru settar um og sett er fram í þessari reglugerð eða skal hún kveða á um aðra lausn til að takast á við viðfangsefnin sem greind hafa verið á heildsölustiginu með það fyrir augum að afnema aukagjöld á reiki í smásölu fyrir 15. júní 2017.

3. Að auki skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið á tveggja ára fresti eftir að skýrslan sem um getur í 2. mgr. hefur verið lögð fram. Hver skýrsla skal m.a. innihalda mat á:
- framboði og gæðum þjónustunnar, þ.m.t. þeirri sem gæti komið í stað reikiþjónustu fyrir talsíma, smáskilaboð og gagnaflutninga sem reglur eru settar um, einkum í ljósi tæknilegra framfara,
 - samkeppnisstigi á bæði smásölu- og heildsölureikimörkuðum, einkum samkeppnisstöðu lítilla, óháðra eða nýrra rekstraraðila, þ.m.t. samkeppnisáhrif viðskiptasamninga og samtengingarstigið milli rekstraraðila,
 - að hvaða marki árangur hefur náðst af framkvæmd skipulagsráðstafananna sem kveðið er á um í 3. og 4. gr. við þróun samkeppni á innri markaðinum fyrir reikiþjónustu sem reglur eru settar um.
4. Til að meta þróun samkeppni á reikimörkuðum í Sambandinu, skal evrópskur hópur eftirlitsaðila á sviði rafræna fjarskipta reglulega safna gögnum frá landsbundnum stjórnvöldum um þróun á smásölu- og heildsölugjöldum fyrir reikiþjónustu fyrir talsíma, smáskilaboð og gagnaflutninga sem reglur eru settar um. Tilkynna skal framkvæmdastjórninni um þessi gögn minnst tvisvar á ári. Framkvæmdastjórnin skal birta þau opinberlega.

Evrópskur hópur eftirlitsaðila á sviði rafræna fjarskipta skal, á grundvelli gagna sem safnað er, gefa skýrslu reglulega um þróun verðs og neyslumynsturs í aðildarríkjunum fyrir bæði landsbundna þjónustu og reikiþjónustu og um þróun eiginlegra reikigjalda í heildsölu fyrir ójafna umferð milli veitenda reikiþjónustu.

Evrópskur hópur eftirlitsaðila á sviði rafræna fjarskipta skal einnig árlega safna upplýsingum frá landsbundnum stjórnvöldum um gagnsæi og samanburðarhæfi mismunandi gjaldskráa sem rekstraraðilar bjóða viðskiptavinum sínum. Framkvæmdastjórnin skal birta þessi gögn og niðurstöður opinberlega.“

8. gr.

Breyting á tilskipun 2002/22/EB

Í stað 3. mgr. 1. gr. tilskipunar 2002/22/EB komi eftirfarandi:

„3. Landsbundnar ráðstafanir varðandi aðgang eða notkun endanlegra notenda á þjónustu og hugbúnaði með rafrænum fjarskiptanetum skulu virða grundvallarréttindi og mannfrelsi einstaklinga, þ.m.t. í tengslum við einkalíf og sanngjarna málsmeðferð eins og þau eru skilgreind í 6. gr. Evrópusáttmálans um verndun mannréttinda og mannfrelsis.“

9. gr.

Endurskoðunarákvæði

Eigi síðar en 30. apríl 2019 og á fjögurra ára fresti þaðan í frá skal framkvæmdastjórnin endurskoða 3., 4., 5. og 6. gr. og leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið þar að lútandi, og skulu fylgja skýrslunni viðeigandi tillögur með það fyrir augum að breyta þessari reglugerð ef nauðsyn krefur.

10. gr.

Gildistaka og bráðabirgðaákvæði

- Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
- Hún kemur til framkvæmda frá og með 30. apríl 2016, að undanskildum eftirfarandi ákvæðum:
 - hafi lagagerðin sem samþykkja á í kjölfar tillögunnar sem um getur í 2. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 531/2012 komið til framkvæmda 15. júní 2017, skal 7. gr. (5. liður) þessarar reglugerðar, að því er varðar 6. gr. a til 6. gr. d í reglugerð (ESB) nr. 531/2012, 7. gr. (a- til c-liður 7. liðar) þessarar reglugerðar og 7. gr. (a-, b- og d-liður 8. liðar) þessarar reglugerðar koma til framkvæmda frá og með þeim degi.

Hafi sú lagagerð ekki komið til framkvæmda 15. júní 2017, skal 7. gr. (5. liður) þessarar reglugerðar, að því er varðar 6. gr. f í reglugerð (ESB) nr. 531/2012, gilda áfram þar til sú lagagerð kemur til framkvæmda.

- Ef lagagerðin sem samþykkja á í kjölfar tillögunnar sem um getur í 2. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 531/2012 kemur til framkvæmda eftir 15. júní 2017, skal 7. gr. (5. liður) þessarar reglugerðar, að því er varðar 6. gr. a til 6. gr. d í reglugerð (ESB) nr. 531/2012, 7. gr. (a- til c-liður 7. liðar) þessarar reglugerðar og 7. gr. (a-, b- og d-liður 8. liðar) þessarar reglugerðar koma til framkvæmda frá og með þeim degi þegar sú lagagerð kemur til framkvæmda,
- b) framsal framkvæmdarvalds til framkvæmdastjórnarinnar í 7. gr. (c-liður 4. liðar) þessarar reglugerðar og í 7. gr. (5. liður) þessarar reglugerðar að því er varðar 6. gr. d og 6. gr. e (2. liður) í reglugerð (ESB) nr. 531/2012, skal koma til framkvæmda frá og með 29. nóvember 2015,
 - c) Ákvæði 3. mgr. 5. gr. koma til framkvæmda frá og með 29. nóvember 2015,
 - d) Ákvæði 10. liðar 7. gr. í þessari reglugerð koma til framkvæmda frá og með 29. nóvember 2015.
3. Aðildarríki mega viðhalda landsráðstöfunum, þ.m.t. kerfum til sjálfseftirlits, sem voru í gildi fyrir 29. nóvember 2015 og fara ekki að 2. eða 3. mgr. 3. gr. fram til 31. desember 2016. Hlutaðeigandi aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessar ráðstafanir fyrir 30. apríl 2016.
4. Ákvæði framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1203/2012 ⁽¹²⁾ um tæknilega skipan við framkvæmd á aðgangi að staðbundinni reikigagnaþjónustu á heimsóttu neti skulu gilda áfram að því er varðar aðskilda sölu á reikiþjónustu í smásölu sem reglur eru settar um þar til framkvæmdagerðin sem um getur í c-lið 4. liðar 7. gr. í þessari reglugerð er samþykkt.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 25. nóvember 2015.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

M. SCHULZ

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

N. SCHMIT

forseti.

⁽¹²⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1203/2012 frá 14. desember 2012 um aðskilda sölu á reikiþjónustu í smásölu sem reglur eru settar um innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 347, 15.12.2012, bls. 1)